

L Ö G

3

18. jan.

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað síðasta málsl. 4. málsg. 1. gr. laganna kemur: Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningsferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma.

2. gr.

Í 6. gr. laganna, í stað „7% — sjö af hundraði —“ komi: 3% — þrír af hundraði —.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal sérleyfisgjaldið frá 1. jan. 1951 að telja innheimt þannig breytt, eins og segir í 2. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 18. janúar 1952.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

4

18. jan.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ábúanda Helgastaða í Hraunhreppi í Mýrasýslu, Gísla Jónssyni, eyðijörðina Múlasel í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Grími Jónssyni héraðsráðunaut í Ærlækjarseli hálfa eða alla jörðina Hróastaði í Öxarfjarðarhreppi fyrir verð, sem ákveðið verður með mati dómkvaddra manna, enda verði hið selda land notað til stofnunar nýbýlis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. janúar 1952.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.